

Nd.

157. Frumvarp til laga

[157. mál]

um vörugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Enginn má framleiða vöru í söluskyni, sem gjaldskyld er samkvæmt lögum þessum, nema hann hafi áður fengið til þess leyfisbréf hjá toilstjóra í því umdæmi, sem framleiðslan fer fram.

Fyrir leyfisbréf skal greiða 10 000 kr. til ríkissjóðs. Leyfisbréf, er heimilar vörugerð samkvæmt lögum þessum, skal koma í stað iðjuleyfis samkvæmt lögum nr. 18/1927, um iðju og iðnað, og ákvæði 13. tl. 29. gr. laga nr. 104/1965, um aukatekjur ríkissjóðs.

Leyfisbréf til vörugerðar gildir í 5 ár frá og með útgáfudegi. Fyrir endurnýjun leyfisbréfs skal gjalda 5 000 kr. í ríkissjóð.

2. gr.

Af vörum þeim, sem inn er fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer þau, sem talin eru í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs, sem hér segir:

Tollskrár- númer	Vörutegund	Gjald- eining	Vörugjald í kr.
17.04	Sykurvörur, sem kakaó er ekki í:		
01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	1 kg	45.60
03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	1 kg	45.60
04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	1 kg	45.60
05	Karamellur	1 kg	45.60
09	Aðrar	1 kg	45.60
18.06	Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó:		
úr 18.06.09	Súkkulaðiis og is húðaður með súkkulaði	—	0.00
úr 18.06.09	Suðusúkkulaði, þ. e. hreint súkkulaði, sem í er einungis kakaóbaunir, kakaósmjör og sykur, með hámarksfeiti 30%. Lágmarksstærð í smásöluumbúðum 100 grömm	1 kg	20.80
úr 18.06.09	Annað	1 kg	45.60
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	1 l	6.20
22.02.00	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07	1 l	6.00
22.03.00	Öl gert úr malti:		
úr 22.03.00	Maltöl og annað yfirgerjað næringaröl, sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% alkóhólmagn miðað við rúmmál	1 l	3.80
úr 22.03.00	Annað	1 l	6.80

3. gr.

Vörugjald skv. 2. gr. skal greiða eftir magni vöru, að öllum umbúðum fráöldum, en eftir rúmmáli, sé um vökva að ræða. Gjald reiknast af hverri heilli gjald-einingu.

4. gr.

Framleiðandi gjaldskyldrar innlendrar vöru skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi tollstjóra, áður en vara er afhent af framleiðslustað eða seld.

5. gr.

Vörugjald af innfluttum vörum skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau gjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., og ákvæði laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, eftir því sem við á, um vörugjald af innfluttum vörum.

6. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að endurgreiða gjald, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum þessum af vörum, sem fluttar hafa verið til útlanda til sölu þar eða endursendar, ef útflutningur varanna fer eftir reglum tollalaga, sbr. ákvæði 11. tl. 3. gr. laga nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., og ákvæði 57. gr. laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður eða endurgreiða gjald, sem greiða ber samkvæmt lögum þessum, af vörum, sem seldar eru úr verzlunum, sem eingöngu selja til farþega í ferðum milli landa.

7. gr.

Fjármálaráðherra sker úr, verði ágreiningur um, hvaða vörur séu gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaráðherra setur reglugerð um innlenda vörugerð, um hús, rúm og búnað, þar sem vörugerð fer fram, um geymslu á hráefnum og tilbúnum óafhentum vörum, um gerð og merkingu umbúða, um afhendingu og sölu varanna, um bókhald vörugerðar og annað það, er þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna.

Þá skal ákveða með reglugerð, hvernig auðkenna skuli vörureikninga þá, er fylgja gjaldskyldri vöru framleiðanda eða umboðssala, svo og hvernig slík vara skuli auðkennd framleiðanda og innflytjanda, þegar varan er seld í smásölu.

8. gr.

Heimilt skal tolyfirvaldi eða öðrum aðila í umboði fjármálaráðuneytisins að kanna birgðir vörugjaldsskyldra vara verzlana og annarra sölustaða, sem selja gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til neytenda. Á slíkum stöðum skulu jafnan vera fyrir hendi auðkenndir innkaupsreikningar yfir allar innlendar vörugjaldsskyldar vörur, sem á boðstólum eru, og skulu eftirlitsmenn hafa aðgang að þeim, hvenær sem er.

9. gr.

Óheimilt er að taka við innlendum framleiðsluvörum, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum og ætlaðar eru til endursölu, nema þeim fylgi auðkenndur vörureikningur í samræmi við ákvæði reglugerðar, sem fjármálaráðuneytið setur. Þá er og óheimilt að taka við innfluttum vörugjaldsskyldum vörum, nema smásöluumbúðir þeirra séu auðkenndar innflytjanda í samræmi við ákvæði sömu reglugerðar.

Ef aðili verður uppvis að því að taka á móti vörugjaldsskyldri vöru á vörureikningi, sem ekki er auðkenndur samkvæmt framansögðu, eða án vörureiknings, eða án auðkennis innflytjanda á smásöluumbúðum, skal hann ábyrgjast greiðslu gjaldsins.

Að öðru leyti skal farið með mál hans skv. 14. gr. þessara laga.

10. gr.

Sé gjald af innlendri framleiðslu ekki innt af hendi á réttum tíma, getur tollstjóri látið lögreglu stöðva atvinnurekstur viðkomanda, þar til full skil eru gerð,

með því m. a. að setja verkstofur hans, tæki og vörur undir innsigli. Þó skal tollstjóri eigi láta stöðva framleiðslu á þeirri vöru, sem unnið er að við lokun, ef hann telur hættu á, að birgðir hálfunninna vara, vélar eða verkfæri skemmist, verði vörugerð eigi lokið. Gjaldskyldar vörur framleiðanda og birgðir efnis í þær skulu vera að veði fyrir gjaldinu, sektum og málskostnaði. Til lúkningar gjaldi, sektum og málskostnaði getur tollstjóri án undangengins lögtaks eða fjárnáms selt slíkar birgðir, sem fyrirfinnast, á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara.

11. gr.

Til loka apríl 1972 skal ríkissjóður greiða framlag til Styrktarsjóðs fatlaðra, sem er í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, er nemur 4.00 kr. af hverju kílógrammi innlendrar framleiðslu, sem fellur undir tollskrárnúmer 17.04.01, 17.04.03, 17.04.04, 17.04.05 og 17.04.09, og enn fremur af innlendri framleiðslu þeirra vara, er falla undir tollskrárnúmer 18.06.09 og gjaldskyldar eru skv. 2. gr., annarri en suðu-súkkulaði í 100 g umbúðum og stærri, sbr. sömu gr.

12. gr.

Til loka júní 1976 skal ríkissjóður greiða framlag til Styrktarsjóðs vangef-
inna, sem er í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, er nemur 1.95 kr. af hverjum lítra
innlendrar framleiðslu, sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.00 og 22.03.00.
Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir van-
gefið fólk.

13. gr.

Ríkissjóður greiðir eigi framlag skv. ákvæðum 11. og 12. gr. af framleiðslu, sem flutt er úr landi eða seld er úr verzlunum, sem eingöngu selja til farþega í ferðum milli landa, sbr. ákvæði 6. gr.

14. gr.

Ítrekað brot gegn lögum þessum varðar missi leyfisbréfs um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, eftir ákvörðun fjármálaráðherra hverju sinni.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal með farið að hætti opin-
berra mála, og varða brot sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 30. des. 1939, um gjald af inn-
lendum tollvörutegundum, lög nr. 78 1. júlí 1966, um aðstoð við vangefið fólk og
samtök hjarta- og æðaverndarféлага, svo og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 25 16. apríl 1962,
um aðstoð til fatlaðra, og 2. og 3. gr. sömu laga, svo og lög nr. 9 25. marz 1965, um
breytingu á sömu lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Framleiðendur vörugjaldsskyldrar vöru mega stunda framleiðslu samkvæmt
leyfum, er gild voru skv. ákvæðum laga nr. 60/1939, í 5 ár frá og með gildistöku
þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Megintilgangur frumvarps þessa er, að gjald það, sem lagt hefur verið á nokkrar
vörutegundir framleiddar hérlendis skv. lögum nr. 60/1939, verði einnig lagt á sams
konar vörur innfluttar.

Hingað til hefur það ekki valdið neinu verulegu misræmi, þó að gjald þetta næði
ekki til innfluttra vara, því að um innflutning þeirra hefur tæpast verið að ræða,

vegna innflutningshamla og hárra tolla. Nú er hins vegar breyting í nánd, að því er snertir innflutning þýðingarmikilla vörutegunda, sem falla undir þessa gjaldtöku, þar sem eru þau ákvæði samkomulags Íslands um aðild að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA), að innflutningshömlur á sælgæti skuli afnema í áföngum á árunum 1972—1975 og jafnframt að lækka skuli tolla á innflutningi sælgætis frá aðildarríkjum EFTA í áföngum á tímabilinu 1970—1980. Af þessu leiðir, að til að skapa jafnræði milli innfluttra og innlendra vara, að því er þessar álögur snertir, verður að breyta núgildandi lögum nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, þannig, að nefnt gjald (í þessu frumvarpi nefnt vörugjald) verði einnig lagt á innfluttar vörur, eins og lagt er til í þessu frumvarpi.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, skal gjalda 100 kr. til bæjar- eða sveitarsjóðs fyrir leyfisbréf, auk gjalds fyrir iðju- leyfi skv. lögum nr. 18/1927, en það gjald er nú 2000 kr. og rennur til rikissjóðs.

Lagt er til, að gjald fyrir leyfisbréf til tollvörugerðar verði nú ákvæðið 10 000 kr., og að eigi verði annars leyfis krafizt til slíks iðjurekstrar. Nauðsynlegt þykir að draga úr því, að um leyfi til tollvörugerðar sækir aðrir en þeir, sem raunverulega áforma tollvörugerð sem atvinnurekstur.

Nú munu um 70 aðilar í Reykjavík hafa leyfi til tollvörugerðar. Aðeins 17 þessara aðila reka tollvörugerð reglulega, en nokkrir öðru hvoru. Engu að síður er ljóst, að mikill meiri hluti leyfanna liggur ónotaður. Það er til mikils hagræðis fyrir tolyfirvöld að vita gjörlla, hverjir hafa leyfi í höndum og nota þau til að stunda framleiðslu. Hér er því lagt til, að leyfi til tollvörugerðar verði endurnýjuð reglulega og þá gegn 5000 kr. gjaldi til rikissjóðs.

Um 2. gr.

Það nýmæli er tekið upp í frumvarpið samkvæmt framanrituðu, að vörugjald skuli einnig innheimt af innfluttum gjaldskyldum vörum, jafnóðum og innflutningur þeirra verður gefinn frjáls.

Til þess að tryggja samræmi í sköttun innlendra framleiðslu og innflutnings er lagt til, að skattskyldar vörur verði flokkaðar samkvæmt tollskrárnúmerum, í stað þess að bera heiti svo sem „kókosbollur“ og „rjómalengjur“, sem mjög er óljóst, hvað í raun og veru þýða.

Lagt er til, að hætt verði að innheimta framleiðslugjöld af kaffibæti og kaffilíki. Gjöld þessi hafa verið 1.80 kr. af hverju kílógrammi, en framleitt magn hefur farið hraðminkandi ár frá ári. Enn fremur af sykri, sírópi og melassa í tollskrárnúmeri 17.05.00 og ávaxta- og grænmetissafa í tollskrárnúmeri 20.07.01 og 09, en framleiðslugjöld af þessum tveimur vöruflokkum hafa verið hverfandi.

Ákvæði 2. gr. laga nr. 60/1939 um framleiðslugjöld af vindlum og vindlingum eru ekki tekin upp í frumvarpið. Þar sem einkasala er á tóbaksvörum í landinu, þykir ekki ástæða til að skattleggja sérstaklega framleiðslu á tóbaksvörum, ef til framleiðslu þeirra kæmi hér á landi.

Að frátöldum þeim vörutegundum, sem hér hefur verið minnt á, er lagt til, að framleiðslugjaldið verði innheimt af sömu vörum og skattur er lagður á skv. 2. gr. laga nr. 60/1939.

Fram til þessa hefur verið innheimt þrenns konar framleiðslugjald: Gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. lög nr. 60/1939, gjald til Styrktarsjóðs fatlaðra, sbr. lög nr. 25/1962, um aðstoð til fatlaðra, og lög nr. 9/1965, um breytingu á þeim lögum, svo og gjald til Styrktarsjóðs vangefinna og Hjartaverndar, samtaka hjarta- og æðaverndarfélaganna á Íslandi, sbr. lög nr. 78/1966, um aðstoð við vangefið fólk

og samtök hjarta- og æðaverndarféлага. Hér er lagt til, að gjöld þessi verði sameinuð í eitt með því að leggja saman upphæðir þeirra gjalda, er lögð hafa verið á hverja magneiningu.

Lagt er til, að allar tekjur skv. 2. gr. renni til ríkissjóðs.

Verði frumvarp þetta að lögum, hefur heilbrigðismálaráðherra ákveðið að nema úr gildi reglugerð nr. 67/1940, um matvælaeftirlitsgjald.

Um 3. gr.

Framleiðslugjöld hafa jafnan verið greidd eftir magni vöru. Magn innlestrar framleiðslu hefur jafnan verið reiknað án umbúða. Augljósir annmarkar eru á því að breyta þeirri framkvæmd og er því lagt til, að svo skuli enn gert.

Um 4. og 5. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Skv. ákvæðum 4. gr. laga nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, er heimilt að endurgreiða af útflutningi álögð gjöld samkvæmt lögnum. Er það heimildarákvæði óbreytt í þessum lögum.

Nýmæli er hins vegar 2. mgr. 6. gr. Þykir rétt að aðilar, sem selja vörur til farþega í millilandaflugi, njóti sömu undanþágu um endurgreiðslu á vörugjaldi og þeir aðilar, sem selja beint til útlanda.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að mestu samhljóða ákvæðum 6. gr. laga nr. 60/1939. Nýmæli er sú tillaga, að ákveða skuli með reglugerð, hvernig innflutt framleiðsla skuli auðkennd í smásölu. Í reglugerð nr. 41/1968 eru fyrirmæli til innlestra framleiðenda um að auðkenna framleiðslu sína og þykir því ekki óeðlilegt, að slík fyrirmæli verði einnig sett innflytjendum vöru, sem framleiðslugjald ber að greiða af.

Um 8. gr.

Álagning og innheimta vörugjalds, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er erfið með viðhlítandi öryggi. Frumvarpsgreinin felur í sér nauðsynlegar lagaheimildir til að halda uppi eftirliti með því, að verzlani og aðrir sölustaðir hafi ekki á boðstólum vörur, sem gjald hefur ekki verið greitt af.

Um 9. gr.

Reynslan hefur sýnt, að eftirlit með innheimtu gjaldsins hefur ekki verið eins árangursríkt og æskilegt má telja, þar eð ekki hefur verið hægt að sækja til ábyrgðar þá aðila, sem taka á móti vörum, vitandi það, að vörunni hefur verið skotið undan vörugjaldi.

Greinin felur þannig í sér tilraun til öruggari innheimtu gjaldsins en verið hefur.

Um 10. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 60/1939.

Framkvæmd á innheimtu vörugjalds í Reykjavík hefur árum saman verið í samræmi við efni greinarinnar og þykir rétt, að ótvíræð lagaheimild sé að baki þeirri framkvæmd.

Um 11. gr.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir, að Styrktarsjóður fatlaðra, sbr. lög nr. 25/1962 og lög nr. 9/1965 um breyting á þeim lögum, haldi tekjum sínum óskertum til þess tíma, er ákvæði fyrrgreindra laga segja til um, eða til marzloka 1972. Frá þeim tíma er gert ráð fyrir, að horfið verði frá núverandi skipan og fjárþörfum sjóðsins mætt með fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni.

Um 12. gr.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir, að Styrktarsjóður vangefinna, sbr. lög nr. 78/1966, haldi tekjum sínum óskertum til þess tíma, er ákvæði fyrrgreindra laga segja til um eða til júniloka 1976. Frá þeim tíma er gert ráð fyrir, að horfið verði frá núverandi skipan og fjárþörfum sjóðsins mætt með fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni.

Gert er jafnframt ráð fyrir, að tekjur þær, sem Hjartavernd, samtök hjarta- og æðaverndarféлага hafa haft af seldum öl- og gosdrykkjaflöskum verði afnumdar, en á móti komi sérstakar fjárveitingar á fjárlögum hverju sinni, sbr. frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1972.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Sjá athugasemdir við 11. og 12. gr.